



## Reglur fyrir atvinnutengt nám

Atvinnutengt nám er ætlað nemendum í 9. og 10. bekk sem af ýmsum ástæðum s.s. námserfiðleikum, námsleiða og eða félagslegum erfiðleikum ná ekki að stunda nám og líður almennt ekki vel í skólasamfélaginu.

Markmið með atvinnutengdu námi er að styðja við einstaklingsmiðað nám, bæta líðan nemenda, styrkja sjálfsmynd þeirra og gefa þeim kost á að kynnast ýmsum hliðum atvinnulífs. Verkefnið er samstarfsverkefni Mennta- og tómstundasviðs Suðurnesjabæjar, Gerðaskóla, Sandgerðisskóla og atvinnurekenda hverju sinni. Gert er ráð fyrir að 2-4 nemendur geti á hverju skólaári verið í atvinnutengdu námi.

### Aðkoma og ábyrgð aðila að atvinnutengdu námi

Hlutverk Mennta- og tómstundasviðs er að hafa yfirumsjón með verkefninu gagnvart grunnskólum og stýra inntöku nemenda í úrræði og skila upplýsingum um vinnustundir nemenda til launadeildar. Hlutverk grunnskólanna (skólastjórnenda, náms- og starfsráðgjafa eða annarra sérfræðinga skólans) er:

- Sækja um inntöku fyrir nemendur til Mennta- og tómstundasviðs
- Finna hæfa samstarfsaðila í atvinnulífinu með hliðsjón af áhugasviði nemandans.
- Leita reglubundið eftir upplýsingum frá tengilið á vinnustað um hagi nemandans og mætingar.
- Skila upplýsingum um vinnustundafjölda fyrir 15. hvers mánaðar til Mennta- og tómstundasviðs.

Atvinnuþátttaka nemenda er á ábyrgð foreldra. Skóli er milliliður en ber ábyrgð á framkvæmd, skil á tímafjölda, gera umsögn og þh.

### Launakjör

Nemendur í atvinnutengdu námi eru launþegar hjá Suðurnesjabæ og njóta því atvinnu- og ábyrgðartryggingar sem slíkir, en ekki veikindaréttar. Miða skal við að vinnustundafjöldi fari ekki yfir 16 klukkustundir á mánuði. Ein klukkustund í atvinnutengdu námi jafnast á við 1,5 kennslustund.

Nemendur í 9. og 10. bekk, í atvinnutengdu námi, fá greitt tímakaup samkvæmt launaflokki út frá fæðingarári þeirra. Að auki er greitt orlof sem er 10,17% á laun.

Nemandi í atvinnutengdu námi sem veikist eða forfallast á annan hátt ber að tilkynna sínum vinnustað um forföll rétt eins og skólanum. Nemandinn fær þá daga sem hann forfallast ekki greidda.

Við útskrift úr grunnskóla fær nemandi sem verið hefur í atvinnutengdu námi afhent skjal þar sem fram kemur m.a. umsögn um frammistöðu á vinnustað, mætingar og tímalengd náms.

### Umsóknir

Tengiliðir í grunnskólum Suðurnesjabæjar fylla út umsókn á þjónustugátt sveitarfélagsins í samstarfi við nemendur og foreldra.